

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 1 10. janúar 1972 úr gildi felld.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Dorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ**um stjórn og skipulag póst- og símamála.****1. gr.**

- 1.1. Stjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra. Póst- og símamálastjóri er framkvæmdastjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur Pósts og síma.
- 1.2. Stofnunin greinist í þrjár aðaldeildir — hagdeild, tæknideild og rekstrardeild. Aðaldeildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt skipuriti, sem ráðherra staðfestir.
- 1.3. Nánustu aðstoðarmenn póst- og símamálastjóra eru forstöðumenn hinna þriggja aðaldeilda.
- 1.4. Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi. Umdæmi I nær frá sýslumörkum Snæfellsness- og Dalasýslu að vestan og á Skeiðarársand að austan. Undir umdæmisstjóra í umdæmi I heyrir öll starfsemi póst-, síma- og radióstöðva stofnunarinnar í umdæminu. Umdæmisstjóri heyrir heint undir póst- og símamálastjóra. Önnur umdæmi Pósts og síma skulu vera óbreytt, þar til annað verður ákveðið.
- 1.5. Auk funda með einstökum forstöðumönnum um sérmál þeirra, heldur póst- og símamálastjóri, svo oft sem þörf þykir, fundi með forstöðumönnum aðaldeilda og annarra deilda til þess að ræða sameiginleg mál og önnur meiri háttar mál, sem hann telur rétt að ræða á slíkum fundi.

2. gr.

- 2.1. Starfssvið aðaldeilda er í höfuðatriðum sem hér segir:
- 2.2. **Hagdeild** annast yfirlit yfir fjárreiður, aðalendurskoðun og sjóðskoðanir, aðalskýrslugerðir, almenn starfsmannamál o. fl.
- 2.3. **Rekstrardeild** annast almenn viðskiptamál Pósts og síma og umsjón með viðskiptastöðvunum, utan þess sem umdæmisstjóra í umdæmi I er falið, enn fremur aðalbókhald, póstgíró, aðalgreiðsludeild o. fl.
- 2.4. **Tæknideild** annast tæknimál og áætlanagerð stofnunarinnar, þ. m. t. rekstur radió- og símakerfa ásamt rekstri aðalbirgðavörslu stofnunarinnar, húsbýggingar o. fl., utan þess sem umdæmisstjóra í umdæmi I er falið.
- 2.5. Undir umdæmisstjóra í umdæmi I heyrir öll starfsemi póst-, síma- og radióstöðva í umdæminu, þ. á m. radióstöðvarnar í Gufunesi, á Rjúpnahæð, útvarpstöð á Vatnsenda, Lóranstöðvarnar á Gufuskálum og Reynisfjalli, Póststofan í Reykjavík og Símsstöðin í Reykjavík.

- 2.5.1. Aðalpóststofan í Reykjavík annast rekstur póststofunnar, póstafræðsla og bréfhirðinga í Reykjavík og nágrenni.
Þessari starfsemi stjórnar póstmeistari í Reykjavík.
- 2.5.2. Símtöðin í Reykjavík annast rekstur símakerfisins í Reykjavík, þ. m. t. rekstur ritsímans og handvirku talsímtöðvarinnar í Reykjavík.
Þessari starfsemi stjórnar símtjórinn í Reykjavík.
- 2.6. Póst- og símamálastjóri ákveður nánar um verkaskiptingu þessara deilda.

3. gr.

- 3.1. Öllum stjórnendum Pósts og síma ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með þeim framförum, sem verða í öðrum löndum.
- 3.2. Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar um endurbætur í sinni deild og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

4. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 8, 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símanála, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1975. Frá sama tíma falla niður reglugerð nr. 77/1956 um skipulag Pósts og síma og reglugerð nr. 177/1960 um breytingu á þeirri reglugerð, samanber þó ákvæði til bráðabirgða hér á eftir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 31. mars 1975 skal ritsíma- og langlínumiðstöðin í Reykjavík starfa á sama hátt og áður samkvæmt eldri reglum, undir stjórn ritsíma- og langlínumiðstjórnarinnar í Reykjavík, sem jafnframt skal vera umdæmisstjóri umdæmis I hjá Pósti og síma til sama tíma. Frá og með 31. mars 1975 skulu ákvæði 2. gr. hér að framan öðlast gildi að öllu leyti og starfsemi ritsíma- og langlínumiðstöðvarinnar þá sameinuð annarri starfsemi símtöðvarinnar í Reykjavík.

Frá sama tíma skal skipaður umdæmisstjóri fyrir umdæmi I hjá Pósti og síma.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Inghólfsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 23. desember 1974 og innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með 140% viðauka, leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekju- lögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundradshluta, sem um ræðir í 1. gr., eða broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.